

Ed.

596. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmanna (JJ) vill gera breyt. á frv. og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Við viljum láta þess getið, að nefndinni hárust tillögur frá kennurum verkfræðideildar Háskóla Íslands um skipun fleiri fastra kennara en lagt er til í frumvarpinu. Við erum sammála því, að nauðsynlegt geti orðið, til þess að hægt sé að útskrifa byggingarverkfræðinga, að fjölga föstum kennurum í verkfræðideild á nálægum tíma, og verður því að stefna að því, að kennslukraftar við verkfræðideild Háskóla Íslands verði auknir. En okkur þykir ekki að þessu sinni gerlegt að fara lengra en frv. segir til um.

Alþingi, 2. des. 1944.

Eiríkur Einarsson,
form.

Kristinn E. Andrésson,
fundaskr., frsm.